



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 3/2018.
Dagsetning og tími: 14. mars 2018, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 23. febrúar 2018.
2. Grisjunarbeiðni Fjármálaeftirlitsins dags. 2. júní 2017 – afritunarspólur (málsnr. 1706009) (frestað á fundi 23. febrúar 2018).
3. Bréf Matis dags. 7. júlí 2015 vegna grisjunar og tilkynningar á gagnagrunni – gagnagrunnurinn FoxPro og grisjuna á rannsóknarniðurstöðu (málsnr. 1704173).
4. Grisjunarbeiðni Röntgen Domus dags. 23. febrúar 2018 – framkallaðar filmur rannsókna (málsnr. 1802140).
5. Grisjunarbeiðni Sandgerðisbæjar dags. 19. febrúar 2018 – flutningstilkynningar til Þjóðskrár (málsnr. 1802107).
6. Grisjunarbeiðni Skattrannsóknarstjóra dags. 20. febrúar 2018 – bókhaldsgögn gjaldþrota/afskráðra lögaðila (málsnr. 1802117).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 23. febrúar 2018.

Fundargerð grisjunarráðs frá 23. febrúar 2018 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Fjármálaeftirlitsins dags. 2. júní 2017 – afritunarspólur (málsnr. 1706009) (frestað á fundi 23. febrúar 2018).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Ákveðið að leita nánari upplýsinga um varðveislugildi gagnanna og möguleika á varðveislu þeirra.



3. Bréf Matís dags. 7. júlí 2015 vegna grisjunar og tilkynningar á gagnagrunni – gagnagrunnurinn FoxPro og grisjuna á rannsóknarniðurstöðu (málsnr. 1704173).

Afgreiðslu málsins var frestað. Ákveðið að leita lögfræðialits á hvort um afhendingarskyld gögn sé að ræða og eins að meta varðveislugildi þeirra.

4. Grisjunarbeiðni Röntgen Domus dags. 23. febrúar 2018 – framkallaðar filmur rannsókna (málsnr. 1802140).

Beiðnin var samþykkt. Röntgen Domus er heimilt að eyða umbeðnum framkölluðum röntgenfilmum sem ná yfir tímabilið 2002–2004 þegar skjölin eru orðin tíu ára gömul með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn nokkrar röntgenmyndir. Forsenda ákvörðunarinnar er að úrlestur á röntgenmyndum er varðveittur í sjúkraskrá.

5. Grisjunarbeiðni Sandgerðisbæjar dags. 19. febrúar 2018 – flutningstilkynningar til Þjóðskrár (málsnr. 1802107).

Beiðnin var samþykkt. Sandgerðisbæ er heimilt að eyða umbeðnum flutningstilkynningum til Þjóðskrár sem ná yfir tímabilið 1986–2017 þegar gögnin eru orðin ársögmul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru varðveittar hjá Þjóðskrá Íslands.

6. Grisjunarbeiðni Skattrannsóknarstjóra dags. 20. febrúar 2018 – bókhaldsgögn gjaldþrota/afskráðra lögaðila (málsnr. 1802117).

Beiðnin var samþykkt. Skattrannsóknarstjóra er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds frá Sýslumanninum á Suðurnesjum sem ná yfir tímabilið 1998–2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi auk þess að vera skjöl lögaðila sem hefðu venjulega fengið skjölin aftur eftir rannsókn.

Fundi slitið kl. 13:31.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)